



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Starfsreglur ráðgjafanefndar um hæfi stjórnarmanna

1. gr.

Tilgangur

Ráðgjafanefnd um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga, váttryggingamiðlana og lífeyrissjóða starfar í samræmi við eftirlitsskyldu Fjármálaeftirlitsins skv. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilgangur ráðgjafanefndarinnar er að kanna þekkingu, skilning og viðhorf stjórnarmanna og veita umsögn um framangreint, að ósk Fjármálaeftirlitsins.

2. gr.

Tilnefning nefndarinnar

Fjármálaeftirlitið tilnefnir þriggja manna ráðgjafanefnd þ.á m. formann hennar til eins árs í senn. Nefndarmenn skipta að öðru leyti með sér verkum.

3. gr.

Gagnasöfnun

Fjármálaeftirlitið fer yfir innsend gögn um stjórnarmann og staðreynir þær upplýsingar sem þar koma fram.

Fjármálaeftirlitið sendir ráðgjafanefndinni skriflega beiðni um að hún kanni þekkingu, skilning og viðhorf tiltekins stjórnarmanns.

Nefndin skal hefja störf án tafar þegar beiðnin ásamt fullnægjandi gögnum og upplýsingum hefur borist.

4. gr.

Framkvæmd hæfismats

Nefndin skal boða stjórnarmann til fundar með minnst 2 vikna fyrirvara ásamt dagskrá nema viðkomandi stjórnarmaður samþykki skemmri frest.

5. gr.

Forsendur umsagnar

Nefndin veitir umsögn um þekkingu, skilning og viðhorf stjórnarmanna með hliðsjón af þeim hæfisskilyrðum laga og reglna¹ sem gilda um starfsemi viðkomandi eftirlitsskylds aðila.

Við matið skal hafa til hliðsjónar verklagsreglur um framkvæmd hæfismats,² viðauka með reglum³ þessum og þau gögn sem liggja fyrir hverju sinni.

¹ Reglur nr. 887/2012 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja. Reglur nr. 886/2012 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna váttryggingafélaga; Reglur nr. 181/2013 um framkvæmd hæfismats forstjóra og stjórnarmanna Íbúðalánasjóðs; Reglur um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða nr. 180/2013.

² Verklag við mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga, váttryggingamiðlana og lífeyrissjóða.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

6. gr.

Umsögn

Ráðgjafanefndin veitir Fjármálaeftirlitinu skriflega umsögn um viðkomandi stjórnarmann þar sem fram kemur rökstutt álit á þekkingu, skilningi og viðhorfi hans, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglnanna. Umsögn skal berast Fjármálaeftirlitinu eins fljótt og auðið er, en þó eigi síðar en að 2 vikum liðnum frá fundi nefndarinnar og viðkomandi stjórnarmanns. Ef umsögn berst ekki innan framangreinds frest skal nefndin gera grein fyrir ástæðu þess í umsögn sinni.

Nefndin skal komast að samhljóða niðurstöðu. Ekki er gert ráð fyrir séráliti nefndarmanna. Umsögn ráðgjafanefndar er ekki bindandi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

7. gr.

Þagnarskylda nefndarmanna

Nefndarmönnum er skylt að gæta þagnarmælsku, sbr. 13. gr. laga nr. 87/1998, um atriði er varða stjórnarmenn og þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða eru rædd á fundum nefndarinnar. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi í nefndinni.

8. gr.

Sérstakt vanhæfi nefndarmanna

Nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls og skal hann víkja sæti eigi vanhæfisreglur 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála við um hann. Nefndarmanni ber að tilkynna meðnefndarmönnum sínum telji hann sig vanhæfan. Jafnframt getur nefndarmaður krafist þess að annar nefndarmaður víki sæti vegna vanhæfis og úrskurðar þá meirihluti nefndarinnar um slíka kröfu víki nefndarmaður ekki sæti af sjálfsdáðum. Nefndarmaður getur ávallt sagt sig frá starfi nefndar telji hann sig vanhæfan til að meta hæfi viðkomandi stjórnarmanns.

Reynist nefndarmaður vanhæfur skal Fjármálaeftirlitið tilnefna annan mann í hans stað.

9. gr.

Vistun nefndarinnar

Fjármálaeftirlitið sér nefndinni fyrir fundaraðstöðu, annast fundarboðanir og aðra þjónustu við nefndina. Fjármálaeftirlitið varðveitir umsagnir nefndar og fylgigögn.

Fjármálaeftirlitinu, 9. apríl 2013

Unnur Gunnarsdóttir

³ Dæmi um viðtalsþætti vegna mats á hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja; Dæmi um viðtalsþætti vegna mats á hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða; Dæmi um viðtalsþætti vegna mats á hæti stjórnarmanna váttryggingafélaga og váttryggingamiðlara.